



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/237
komudagur 15.11.2010

11. nóvember 2010
SI-67679


Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 28. október 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á einkavæðingu bankanna, 16. mál.

Tillagan er fram komin vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þeirrar gagnrýni sem þar kemur fram á framkvæmd og sölufæri ríkisbankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans, árið 2002. Forseti Alþingis mun skipa þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og á nefndin að skila skýrslu um efnið til Alþingis innan sex mánaða frá skipun hennar. Nefndin skal leitast við að svara fjölmörgum spurningum sem lagðar eru fram í tillögunni, auk annarra sem upp kunna að koma í tengslum við rannsóknina.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Guðmundur Kr. Tómasson
aðstoðarframkvæmdastjóri